Tillögur frá Sæljóni til 29. aðalfundar LS 2013

1. *Greiðslumiðlun*

Aðalfundur Sæljóns skorar á stjórnvöld að fresta framkvæmd laga um afnám greiðslumiðlunar sem taka á gildi um næstu áramót.
Telur fundurinn að þessar breytingar hafi verið mikil mistök og gerðar vegna þrýstings frá aðilum sem vilja gera öðrum erfitt um vik.
Greiðslumiðlunin hefur marga kosti fyrir smábátasjómenn, t.d. í sambandi við tryggingar og lífeyrismál. Hætta er á að margt fari úr böndum við þessar breytingar.

2. *Verðlagning á fiski*

Aðalfundur Sæljóns ályktar að nauðsyn sé á að verðlagning á fiskmörkuðum verði tekin til athugunar. Beinir fundurinn því til LS að farið verði ítarlega í saumana á þessu máli. Krafa er gerð um það að ávallt komi fram hver kaupi fiskinn og á hvaða verði. Óeðlilegar sveiflur á verði benda til að „something is rotten in the state of Denmark".

3. *Strandveiðar*

Aðalfundur Sæljóns ítrekar tillögur frá 2012 þar sem óskað var eftir breytingum á tímabili strandveiða. Júlí / ágúst nýtast illa fyrir félagsmenn Sæljóns og kæmi sér betur að hafa mars / apríl.

4. *Grásleppa*

a. Fundurinn mótmælir harðlega lokun veiðisvæða í Faxaflóa sem gerðar voru vegna kröfu æðarbænda. Lokunin kemur sér mjög illa fyrir þá sjómenn sem þarna stunda veiðar enda um víðfeðmt svæði að ræða.

Rökin fyrir þessari lokun eru illa ígrunduð og gerð vegna einhliða túlkunar og frekju aðila sem hlut eiga að máli. Benda má á að ágætur skilningur var milli sjómanna og æðarbænda og tóku sjómenn fullt tillit til bréfs er þeir fengu af þessu tilefni. Sjómenn kæra sig ekki um að fá fugl í netin og forðast lagnir þar sem hætta er á slíku. Þó er aldrei hægt að forðast það með öllu og skiptir þá ekki máli hvar netin liggja því fuglinn fylgir loðnunni og getur lent í neti út á miðjum Faxaflóa.

b. Aðalfundur Sæljóns ályktar að veiðidagar verði 50 og takmarkanir frá síðustu vertíð endurskoðaðar.

c. Sæljón hvetur til þess að áframhald verði á þróun og markaðssetningu á grásleppuhrognum.

5. *Byggðakvóti*

Fundurinn ályktar að þörf sé á endurskoðun á reglum um úthlutun byggðakvóta.
Ekki sé viðunandi að smábátaútgerð á Akranesi sitji ekki við sama borð og aðrir hvað þetta varðar.

6. *Veiðigjöld*

Fundurinn mótmælir alltof háum gjöldum á smábátaútgerðina og krefst þess að þau verði endurskoðuð og þau taki mið af afkomu sbr. skattaskýrslu.

7. *Ýsa*

Fundurinn lýsir furðu sinni á ákvörðun um ýsukvóta og krefst þess að kvótinn verði aukinn verulega.
Niðurskurður í ýsunni hefur skapað ómæld vandamál við nýtingu veiðiheimilda og ýsan bítur á krókana sem aldrei fyrr þó Hafró segi að hún sé ekki til staðar.

8. *Umgengni og meðferð afla*

Fundurinn beinir því til aðalfundar LS að umgengni og meðferð á fiski sé í hávegum höfð og ályktanir gerðar þar um. Mikil áhersla sé á hreinlæti og kælingu. Það skýtur því skökku við að koma að bryggju og þurfa að landa í illa þvegin og langlyktandi ílát frá fiskmörkuðunum.

9. *Framtíð LS*

Fundurinn lýsir yfir áhyggjum af framtíð LS og hvetur smábátasjómenn til þess að standa einhuga vörð um félagið.
Tekur fundurinn undir tillögu frá Fonti, „Sameinaðir stöndum vér sundraðir föllum vér".

10. *Reglugerðarlokanir*

Á fundinum kom fram óánægja með reglugerðarlokanir sem sumar eru komnar vel til ára sinna.

Rök fyrir þessum lokunum eru vægast sagt léttvægar. Margt bendir til að þær hafi verið settar vegna þrýstings frá aðilum sem vildu sitja einir að kökunni.

Sæljón, félag smábátaeigenda á Akranesi
Samþykkt á aðalfundi 1. október 2013